

10. kafli UPPLÝSINGATÆKNI OG FJÖLMÍÐLUN

19. Vinsamlegast leggið fram hlutfallstölur um netaðgang:

a) skóla, bæði grunnskóla og framhaldsskóla;

Samkvæmt nýrri könnun sem gerð var fyrir SAFT-verkefnið (innlendan samstarfsaðila evrópska samstarfsnetsins um netöryggi) hafa meira en 99% íslenskra skóla aðgang að Netinu. Staðfestir það niðurstöður könnunar sem stjórnarskrifstofa ESB um upplýsingasamfélagið og fjölmiðla (EU/DG INFSO) stóð fyrir árið 2006, „Benchmarking Access and Use of ICT in European Schools 2006“.

b) heimila;

Netaðgangur íslenskra heimila árið 2008 var 88%.

c) fyrirtækja, eftir stærð (lítil og meðalstór fyrirtæki (e. SME), meðalstór, stór) og atvinnugreina ef unnt er.

Netaðgangur íslenskra fyrirtækja (af öllum stærðum) árið 2008 var 100%.

C. Rannsóknir

20. Hver er stefna hins opinbera til að efla og styðja rannsóknir á sviðum upplýsingasamfélagsins (IST)? Ef til er stefnuskjal, leggið þá vinsamlegast fram eintak á ESB-tungumáli.

Netríkið Ísland er heiti á stefnu ríkisstjórnar Íslands um upplýsingasamfélagið 2008-2012, sem var samþykkt árið 2008 (sjá viðauka 10:10). Eitt af markmiðum stefnunnar tekur til nýsköpunar og rannsókna. Samkeppnishæfni Íslands verði eflað með því að auka rannsóknir, þróun og nýsköpun innan upplýsingatækni í þágu almennings og atvinnulífs. Netríkið Ísland verði skrefinu á undan öðrum og nýti sér allra nýjustu tækni. Fylgst verði með þróun upplýsingasamfélagsins innanlands og erlendis með ýmiss konar úttektum og kynningum og þróaðir mælikvarðar fyrir rafræna stjórnsýslu.

21. Hverjir eru helstu háskólar, rannsóknastofnanir eða miðstöðvar rannsókna sem taka virkan þátt í rannsóknum á sviðum upplýsingasamfélagsins? Á hvaða sviðum?

Í Háskóla Íslands og Háskólanum í Reykjavík eru stundaðar rannsóknir á sviðum upplýsingasamfélagsins. Virk rannsóknarsetur á þessu sviði starfa einna helst í samvinnu við þessa tvo háskóla, t.d. Gagnasetur Háskólans í Reykjavík, Datalab¹, sem er rannsóknarstofa er beinir sjónum að gagnasafnsfræði með því markmiði að stuðla að notkun háþróaðrar gagnasafnstækni í iðnaði og þjóðfélagi. Gervigreindarsetur Háskólans í Reykjavík, CADIA², stendur fyrir rannsóknum á ýmsum sviðum greindra vélmenna. Helstu virk rannsóknarefni

¹ Sjá <http://datalab.ru.is/>

² Sjá <http://ailab.ru.is/>

Þess á sviði upplýsinga- og fjarskiptatækni (ICT) eru gervigreind, sýndarumhverfi, tölvuöryggi, gagnasöfn og upplýsingatækni í heilbrigðisþjónustu.

III. STEFNA Á SVIÐI HLJÓÐ- OG MYNDMIÐLUNAR

A. Hljóð- og myndmiðlunarþjónusta.

27. Hvaða lagarammi gildir um hljóð- og myndmiðlunarþjónustu og sjónvarpsútsendingar (þ.e.a.s. línulega hljóð- og myndmiðlunarþjónustu, þ.m.t. um gervihnetti og strengi)? Hvenær tók helsta löggjöf gildi? Vinsamlegast leggið fram þýðingu á ESB-tungumáli.

Útvarpslög nr. 53/2000 eru sá lagarammi er nú gildir um hljóð- og myndmiðlunarþjónustu og sjónvarpsútsendingar og eru þau lögð fram í viðauka 10:11. Tilskipun 97/36/EBE um sjónvarp án landamæra, með síðari breytingum, var lögleidd með nógildandi Útvarpslögum.

28. Hvenær er áætlað að samræma íslenska löggjöf við tilskipunina um hljóð- og myndmiðlunarþjónustu? Vinsamlegast leggið fram þýðingu á ESB-tungumáli þegar textinn verður fáanlegur.

Lögleiðing tilskipunarinnar um hljóð- og myndmiðlunarþjónustu innan nýrra laga um fjölmiðla er á lokastigi. Áætlað er að frumvarpið verði tilbúið fyrir samráð við almenning í lok september 2009. Það verður lagt fyrir Alþingi í október og vonir standa til að það verði samþykkt í ársbyrjun 2010. Í viðauka 10:12 er afrit af drögum lagafrumvarpsins sem ætlað er að lögleiða tilskipunina um hljóð- og myndmiðlunarþjónustu.

29. Hver eru bær yfirvöld um stefnumótun í málefnum hljóð- og myndmiðlunar? Hvernig skiptist valdsviðið milli þeirra?

Stefnumótun um málefni hljóð og myndmiðla er á ábyrgð mennta- og menningarmálaráðuneytis. Útvarpsréttarnefnd, sem mennta- og menningarmálaráðherra skipar, er umsýslustofnun en markar ekki stefnu á sviði hljóð- og myndmiðlunar. Nefndin veitir lögaðilum og einstaklingum tímabundin útvarpsleyfi og hefur eftirlit með því að fylgt sé reglum samkvæmt útvarpsleyfum. Hún hefur einnig eftirlit með framkvæmd útvarpslaganna, þ.á.m. eftirlit með hvers kyns útsendingum er lúta íslenskri lögsögu skv. 2. og 3. gr. laganna.

Póst- og fjarskiptastofnun ráðstafar notkun ýmissa tíðnisviða tíðnirófsins til útvarpsendinga og úthlutar tíðniheimildum til útvarpsfyrirtækja og rekstraraðila netkerfa.

30. Hvaða dreifikerfi eru til staðar (á jörðu niðri, um strengi, um gervihnetti)?

Hvaða (ef einhverjar) reglur gilda um flutningsskyldu (skuldbindingu dreifiveitu til að dreifa tilteknum rásum, (e. „must carry“)?

Dreifingarkostir³

Eins og stendur eru ýmsar leiðir til að dreifa hljóð- og myndefni til notenda. Til skamms tíma fóru hljóð- og myndútsendingar að mestu leyti um þráðlaus sendinet í lofti er notuðu hefðbundna útvarpstíðni (FM, langbylgju) og sjónvarpstíðni (UHF, VHF, MMDS). Með tilkomu stafrænna útsendinga hefur sendingarvalkostum fjarskipta fjölgað og er nú hægt að nota ýmsar gerðir heimtauganeta.

Þráðlaus sendinet á jörðu niðri

Algengasta tíðnisviðið er UHF (470-862 MHz) eða VHF (174-230 MHz). Til skamms tíma voru þetta einu tíðnisviðin sem notuð voru á Íslandi til hliðrænna (e. analogue) sjónvarpsútsendinga. Nú er hluti UHF tíðnibandsins einnig notaður fyrir stafrænar (e. digital) sjónvarpsútsendingar.

MMDS tíðnibandið nær yfir 2500-2684 MHz (bandvíddin er 184 MHz), alls 23 sjónvarpsrásir (8MHz/rás) og hefur verið í notkun til sjónvarpssendinga síðan 1993. Ákveðið hefur verið á alþjóðavettvangi að tíðnibandið 2500-2690 verði í framtíðinni notað fyrir þriðju kynslóðar farsíma.⁴ Eins og sakir standa er MMDS tíðnibandið aðallega notað til stafrænnar útsendingar.

Heimtauganet

Nú geta háhraðatengingar (ADSL) um koparheimtauganet flutt sjónvarpssendingar. Slík þjónusta er útbreidd og stórt hlutfall heimila á þess kost að fá sjónvarpsþjónustu um ADSL.

Ljósleiðaranet sem ná alla leið til notenda eru í uppbyggingu. Slík net eru notuð til að veita heildstæða rafræna samskiptaþjónustu, þar með taldar sjónvarpssendingar.

Gervihnettir

Tvær íslenskar sjónvarpsstöðvar – RÚV og Omega – senda útvarpsefni um gervihnetti. Aðrar sjónvarpsstöðvar hafa gert tilraunir með gervihnattaútsendingu.

Flutningsskylduákvæði

Í XI. kafla fjarskiptalaganna nr. 81/2003 eru sérstök ákvæði um stafrænt sjónvarp.

Í 55. gr. laganna er flutningsskylduákvæði um skyldu til að flytja sjónvarpsdagskrá. Með ákvæðinu er mælt fyrir um að leggja megi flutningsskyldu á aðila sem bjóða almenningi rafræn fjarskiptanet til dreifingar útvarps- og sjónvarpsútsendinga [fjarskiptafyrirtæki], þegar umtalsverður hluti notenda nýtir sér netin til að taka á móti hljóð- og sjónvarpssendingum. Slíkar skyldur skulu einungis lagðar á þegar sérstaklega ríkar ástæður mæla með því.

VII. kafla útvarpslaganna nr. 53/2000 fjallar 22. gr. um aðgang að almennum fjarskiptanetum. Sú grein er um flutningsskylduákvæði og mælir hún fyrir um að:

³ Frekari upplýsingar um íslensk dreifikerfi er að finna í greiningu Póst- og fjarskiptastofnunar á heildsölumarkaði útsendingarþjónustu fyrir útvarpssendingar frá 8. desember 2008. Skjalið er lagt fram í viðauka 10:16.

⁴ ECC DEC (02)06

„Nú óskar útvarpsstöð að fá aðgang að kapalkerfi eða öðru almennu fjarskiptaneti sem hagnýtt er til útvarpsendinga, þar á meðal breiðbandi, og skal þá fara með málið svo sem fyrir er mælt í fjarskiptalögum og lögum um Póst- og fjarskiptastofnun, hvort tveggja eftir því sem við á“.

Áhrif ákvarðana Samkeppniseftirlitsins

Í mars árið 2005 skar Samkeppniseftirlitið úr um tvennan samruna á sviði fjarskipta. Ákvað Samkeppnisstofnun annars vegar að samþykkja samruna Símans og Íslenska sjónvarpsfélagsins hf. og hins vegar samruna Vodafone og 365 ljósvakamiðla ehf. að tilskildum ákveðnum skilyrðum.

Eitt mikilvægasta skilyrðið, sem lagt var á félögin í ofangreindum úrskurði, er hið svonefnda flutningsréttarákvæði (e. „may-carry“); en í því felst skylda til að bjóða efni sitt á öðrum dreifileiðum. Slík skilyrði greiða fyrir því að neytendur velji rafrænt fjarskiptafyrirtæki. Ætti það að koma í veg fyrir að skortur á vinsælu sjónvarpsefni tálmi samkeppni fjarskiptafyrirtækja um viðskiptavinum á aðgangskerfamörkuðum.

Flutningsskylduákvæðið, sem kveður á um að rekstraraðili dreifi sjónvarpsefni frá öðrum aðilum, á einungis við um Símann samkvæmt ákvörðunum þessum. Félögin hafa hins vegar gert með sér samkomulag um gagnkvæma dreifingu innlands dagskrárefnis og sjónvarpsefnis frá öðrum íslenskum sjónvarpsstöðvum; t.d. dreifa Síminn og Vodafone efni frá RÚV.

Fjölmiðlaþjónustuveitendur (e. audiovisual media service providers) eiga greiðan aðgang að dreifinetum. Hefur því flutningsskylda aldrei verið ágreiningsefni. Vandinn hefur fremur verið á hinn veginn, þannig að vegna eignatengsla milli tveggja helstu fjarskiptafyrirtækjanna og tveggja helstu einkareknu fjölmiðlaþjónustuveitendanna, fengu áhorfendur ekki aðgang að sjónvarpsrásum er tengdust keppinaut fjarskiptafyrirtækisins.

Í drögum að nýju fjölmiðlafrumvarpi eru lagðar til stórfelldar breytingar. Í frumvarpsdrögum taka flutningsskyldurnar bæði til einkarekinna fjölmiðlaþjónustuveitenda línulegrar hljóð- og myndmiðlunar og almannaútvarpsins. Meðfylgjandi í viðauka 10:12 er afrit af uppkasti frumvarpsins sem ætlað er að lögleiða tilskipunina um hljóð- og myndmiðlunarþjónustu.

31. Er móttaka eða endurútsending hljóð- og myndmiðlunarþjónustu frá öðrum Evrópuríkjum á einhvern hátt takmörkuð eða háð sérstökum ráðstöfunum? Vinsamlegast vísið bæði til sjónvarpsútsendinga og hljóð- og myndmiðlunarþjónustu sem notendur þanta sér sjálfir.

Engin ákvæði útvarpslaganna veita rétt til að takmarka á nokkurn hátt móttöku eða endurútsendingu hljóð- eða myndmiðlunarþjónustu frá öðrum Evrópuríkjum. Hins vegar er í EES-samningnum ákvæði á þá leið að „EFTA-ríkjunum er í sjálfsvald sett hvort þau geri kapalfyrirtækjum, sem starfa á yfirráðasvæði þeirra, skylt að rugla eða á annan hátt trufla auglýsingainnskot fyrir áfenga drykki í dagskrárliðum sjónvarpsstöðva sem eiga flesta áhorfendur sína í EES/EFTA-ríki.“ Þar sem útsending sjónvarpsefnis um kapal hefur aldrei

verið útbreidd á Íslandi hafa takmarkanir skv. EES-samningnum ekki komið til framkvæmda að lögum.

32. Hefur Ísland innleitt sérstakar reglur á sviði sjónvarpsauglýsinga er talist geta ítarlegri eða strangari í samanburði við reglur tilskipunarinnar um hljóð- og myndmiðlunarþjónustu (t.d. bann við stjórn málaauglýsingum, bann við áfengisauglýsingum, takmarkanir er varða barnaefni o.s.frv.)?

Hvorki er bann né takmarkanir á stjórn málaauglýsingum. Frá upphafi sjónvarps á Íslandi hefur ríkt bann við öllum áfengisauglýsingum í hljóð- og myndmiðlum. Er kostun, auglýsingar og önnur markaðssetning áfengra drykkja bönnuð samkvæmt áfengislögunum nr. 75/1998. Einnig er bannað að auglýsa tóbak samkvæmt 7. gr. laga um tóbaksvarnir nr. 31/2002.

Í útvarpslögnum nr. 53/2000 eru ákvæði um dagskrá fyrir börn, sem eru strangari en tilskipunin um hljóð- og myndmiðlunarþjónustu. 17. gr. útvarpslaganna mælir fyrir um að óheimilt sé að skjóta auglýsingum eða fjarsöluinnskotum inn í útsendingu á guðsþjónustu eða trúarlegri dagskrá, fréttum eða fréttatengdum dagskrárliðum eða dagskrá fyrir börn. Þetta felur í sér að bannað er að hafa auglýsingar eða fjarsöluinnskot inn á milli mismunandi dagskrárliða fyrir börn. Í raun þýðir þetta ákvæði að senda má út auglýsingar og fjarsöluinnskot á undan eða á eftir dagskrá fyrir börn, en ekki inn á milli einstakra dagskrárliða sem ætlaðir eru börnum. Gerðar hafa verið nokkrar tilraunir til að takmarka markaðssetningu enn frekar og hafa umboðsmaður neytenda og umboðsmaður barna unnið með hagsmunaaðilum í nokkur ár að siðareglum er banni auglýsingar sem beint er til barna í hljóð- og myndmiðlum. Í nýju fjölmiðlalögnum verða lagðar til frekari takmarkanir, þ.á.m. algjört bann við auglýsingum á undan, inn á milli og á eftir barnaefni.

Í útvarpslögnum nr. 53/2000 eru einnig ákvæði um vernd barna gegn óleyfilegu dagskrárefni og ótilhlýðilegum auglýsingum. Í 14. gr. er mælt fyrir um að sjónvarpsstöðvum sé óheimilt að senda út dagskrárefni, þar á meðal auglýsingar, sem gæti haft alvarleg skaðvænleg áhrif á líkamlegan, andlegan eða siðferðilegan þroska barna, einkum og sér í lagi dagskrárefni sem felur í sér klám eða tilefnislaust ofbeldi, á þeim dagskrártíma sem hætta er á að börn sjái viðkomandi efni. Í 20. gr. er mælt fyrir um að útvarpsauglýsingar skuli þannig gerðar og fluttar að þær valdi ekki börnum siðferðilegum eða líkamlegum skaða. Skuli slíkar auglýsingar ekki hvetja börn til þess að kaupa vöru eða þjónustu með því að notfæra sér reynsluleysi þeirra eða trúgirnini, ekki hvetja börn til þess að telja foreldra sína eða aðra á að kaupa vöru eða þjónustu sem auglýst er, ekki notfæra sér það sérstaka trúnaðartraust sem börn bera til foreldra, kennara eða annars fólks né skuli þær sýna börn að tilefnislausu við hættulegar aðstæður.

33. Vinsamlegast lýsið íslenskum reglum um auglýsingar áfengra drykkja og veðmálastarfsemi. Eru sérstakar reglur á Íslandi um þess konar auglýsingar hjá erlendum útvarpsrekendum?

Í 20. gr. áfengislaganna nr. 75/1998 er mælt fyrir um bann við auglýsingum á áfengi, þar á meðal kostun efnis og annarri markaðssetningu áfengra drykkja (sjá spurningu 10:32). Tekið er fram í lögnum að ákvæði þessi gildi ekki um erlend prentit sem flutt eru til landsins. Á Íslandi beinast ekki sértækar reglur um auglýsingar á áfengum drykkjum og veðmálastarfsemi að erlendum útvarpsrekendum (sjá spurningu 10:31). Engin lagaákvæði banna auglýsingar á veðmála- eða fjárhættustarfsemi. Hins vegar eru veðmál og fjárhættuspil í atvinnuskyni bönnuð skv. 183. gr. almennu hegningarlaga nr. 19/1940⁵, sem mælir fyrir um að sá, sem gerir sér fjárhættuspil eða veðmál að atvinnu eða það að koma öðrum til þátttöku í þeim, skuli sæta sektum eða fangelsi allt að 1 ári, ef miklar sakir eru.

Drög þau að lagafrumvarpi, sem ætlað er að lögleiða tilskipunina um hljóð- og myndmiðlunarþjónustu og lögð verða fyrir Alþingi árið 2009, og finna má í viðauka 10:9, gera í 38. gr. ráð fyrir banni á hljóð- og myndsendingum í viðskiptaskyni m.a. fyrir áfenga drykki og happdrættis- og veðmálastarfsemi sem ekki hefur leyfi lögum samkvæmt.

34. Eru einhverjar takmarkanir á eignarhaldi sjónvarps- og/eða útvarpsstöðva? Eru einhverjar sérstakar takmarkanir hvað varðar erlenda fjárfesta?

Engar takmarkanir eru á eignarhaldi sjónvarps- og/eða útvarpsstöðva og engar sérstakar takmarkanir á erlendra fjárfestingu í hljóð- og myndmiðlum.

Haustið 2006 samþykktu allir stjórnsmálaflokkar á Alþingi meginreglur um takmarkanir á eignarhaldi fjölmiðlafyrirtækja. Tekið verður tillit til þeirra meginreglna í drögum að nýju fjölmiðlafrumvarpi.

35. Hvaða ákvæði regluverks (ef einhver) eru notuð til að hvetja til eða gera kröfu um þjónustu eða fjárfestingu hljóð- og myndmiðla í ákveðnum gerðum dagskrárefnis (t.d. menningar, fræðslu) eða dagskrárefnis að uppruna á tilteknum landsvæðum, tungumálum eða innan ákveðinna flokka (óháðra framleiðenda, evrópskra verka, innlendra verka, dagskrárefnis sem framleitt er eða sent út á tilteknum tungumálum o.s.frv.)? Vinsamlegast vísið bæði til sjónvarpsútsendinga og hljóð- og myndmiðlunarþjónustu sem notendur panta sér sjálfir. Ná slík ákvæði yfir aðra miðla (kvikmyndahús, myndbandaefni o.s.frv.)?

Nokkur ákvæði núgildandi fjölmiðlalaga nr. 53/2000 hvetja fjölmiðlaþjónustuveitendur til að framleiða og bjóða fram ákveðið dagskrárefni. Í 7. gr. mælir svo fyrir: „Útvarpsstöðvar skulu stuðla að almennri menningarþróun og efla íslenska tungu. Þó skal heimilt, ef sérstaklega stendur á, að veita leyfi til útvarps á öðrum tungumálum en íslensku. Sjónvarpsstöðvar skulu

⁵ <http://www.domsmalaraduneyti.is/raduneyti/starfssvid/logregla/log-og-reglugerdir/nr/314>, á ensku: <http://eng.domsmalaraduneyti.is/laws-and-regulations/nr/1145>

kosta kapps um að meiri hluta útsendingartíma sé varið í íslenskt dagskrárefni og annað dagskrárefni frá Evrópu. Með útsendingartíma er í þessu sambandi átt við heildarútsendingartíma sjónvarpsstöðva að frádregnum þeim tíma sem varið er til fréttu, íþróttaviðburða, leikja, auglýsinga, textavarpsþjónustu og fjarsölu.“ Ítarlegri skilgreining evrópsks dagskrárefnis er sett fram í reglugerð nr. 50/2002.

Almannaútvarpið, Ríkisútvarpið-RÚV, gegnir sérstöku hlutverki í því að efla menningar-, fræðslu- og séríslenskt hljóð- og myndmiðlaefni. Mælt er fyrir um þetta sérstaka hlutverk í samningnum um útvarpsþjónustu í almannabágu milli mennta- og menningarmálaráðuneytisins og almannaútvarpsins. Í viðauka 10:13 er afrit samningsins. Sérhver ný þjónusta í almannabágu sem RÚV, ráðgerir eða veitir er háð mati sem lýst er í reglugerð nr. 275/2007 og finna má í viðhengi 10:14. Sjá einnig í viðauka 10:15 enska þýðingu laganna um Ríkisútvarpið ohf. nr. 6/2007 og reglur nr. 275/2007 um mat á útvarpsþjónustu í almannabágu.

Meðal skyldna almannaútvarps er stuðla að sjálfstæðri framleiðslu hljóð- og myndefnis. Samkvæmt samningnum ber almannaútvarpinu skylda til að fjárfesta í og taka þátt í að framleiða kvikmyndir og sjónvarpsefni. Gegnir þannig almannaútvarpið mikilvægu hlutverki í framleiðslu íslenskra kvikmynda og sjónvarpsefnis.

Kvikmyndamiðstöð Íslands veitir fé bæði til framleiðslu kvikmynda og sjónvarpsefnis. Kvikmyndasjóðurinn starfar á vegum Kvikmyndamiðstöðvar Íslands. Hlutverk Kvikmyndasjóðs er að efla íslenska kvikmyndagerð með fjárhagslegum stuðningi. Verkefni sem styrkt eru af Kvikmyndasjóði skulu hafa íslenska menningarlega skírskotun nema sérstök menningarleg rök leiði til annars. Fjárveitingar Kvikmyndasjóðs greinast milli einstakra greina kvikmyndagerðar sem hér segir: a) kvikmynda í fullri lengd til sýninga í kvikmyndahúsum; b) heimildamyndagerðar og stuttmyndagerðar; c) leikins sjónvarpsefnis; d) samframleiðslu sem minnihlutaaðila. Einungis framleiðendur sem skráðir eru á Íslandi geta sótt um fjárstuðning.

Forstöðumaður Kvikmyndamiðstöðvar er ábyrgur fyrir því að öll skilyrði fyrir úthlutun séu uppfyllt. Forstöðumaður tekur endanlega ákvörðun um styrkveitingu úr Kvikmyndasjóði, að fengnu listrænu og fjárhagslegu mati á verkefnum frá kvikmyndaráðgjöfum. Kvikmyndaráðgjafar eru ráðnir tímabundið af forstöðumanni Kvikmyndamiðstöðvar. Skulu þeir hafa þekkingu og reynslu á sviði kvikmynda og mega ekki hafa hagsmuna að gæta varðandi úthlutun eða gegna störfum utan Kvikmyndamiðstöðvar sem tengjast íslenskri kvikmyndagerð. Ráðgjafar leggja listrænt mat á umsóknir og með hliðsjón af fjárhags- og framkvæmdaþáttum. Þeir fylgjast með framvindu kvikmyndaverkefnis, ganga úr skugga um að hún sé í samræmi við ákvæði úthlutunarsamnings og geta kallað eftir nánari gögnum og fundað með umsækjendum/styrkþegum eftir þörfum. Er þetta ferli og reglur um úthlutun styrkja í samræmi við og byggt á því sem tíðkast í innlendum kvikmyndasjóðum á Norðurlöndunum.

Íslenskir kvikmynda- og sjónvarpsefnisframleiðendur geta einnig sótt um styrki hjá Norræna kvikmynda- og sjónvarpssjóðnum og hjá MEDIA, kvikmyndaáætlun ESB.

Enn fremur gilda á Íslandi sérstök lög um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi nr. 43/1999⁶ og reglugerð nr. 1011/2007. Markmið þeirra er „að stuðla að eflingu innlendarar menningar og kynningar á sögu landsins og náttúru“ með tímabundnum stuðningi við kvikmyndir og sjónvarpsefni sem framleitt er á Íslandi. Boðnar eru endurgreiðslur vegna framleiðslukostnaðar sem til fellur við framleiðslu kvikmynda eða sjónvarpsefnis á Íslandi. Framleiðendur geta sótt um endurgreiðslur úr ríkissjóði á 20% þess kostnaðar sem til fellur við framleiðslu kvikmynda og sjónvarpsefnis á Íslandi. Þegar meira en 80% heildarframleiðslukostnaðar kvikmynda eða sjónvarpsefnis fellur til á Íslandi, reiknast endurgreiðslan á grundvelli heildarframleiðslukostnaðar sem til fellur innan Evrópska efnahagssvæðisins.

36. Hvaða (ef einhverjar) reglur ná yfir aðra hljóð- og myndmiðlunarþjónustu, einkum gagnvirka hljóð- og myndmiðlunarþjónustu sem notendur panta sér sjálfir, þar á meðal Netið?

Reglur sem ná yfir aðra hljóð- og myndmiðlunarþjónustu, einkum gagnvirka hljóð- og myndmiðlunarþjónustu sem notendur panta sér sjálfir, þar á meðal Netið, eru meðal annars:

- Höfundalög nr. 73/1972
- Lög um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu nr. 30/2002
- Lög um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu nr. 57/2005
- Lög um eftirlit með aðgangi barna að kvikmyndum og tölvuleikjum nr. 62/2006
- Almennu hegningarlögin nr. 19/1940, XXV. kafli: Ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs og 210. gr. (bann við dreifingu kláms)
- Lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000

Núgildandi útvarpslög nr. 53/2000 ná ekki yfir gagnvirka hljóð- og myndmiðlunarþjónustu. Þó munu ákvæði er samrýmast Evrópurétti í nýja fjölmiðlafrumvarpinu gilda um efni sem notendur panta sér sjálfir.

B. Kvikmyndaarfur

37. Hvaða ráðstöfunum og/eða aðferðum hefur verið beitt til að safna kerfisbundið kvikmyndaverkum er mynda hluta hljóð- og myndmiðlunararfs ykkar?

Kvikmyndasafn Íslands var stofnað samkvæmt sérstökum lögum er samþykkt voru árið 1978. Safnið tók til starfa árið eftir með einum starfsmanni og hefur vaxið umtalsvert síðan. Hefur það nú 40.000 skráðar kvikmyndspólur í geymslum sínum og fimm starfsmenn. Í janúar 2003 varð safnið ríkisstofnun með árlegri fjárveitingu af fjárlögum. Ekki er hægt að gera við kvikmyndafilmur á Íslandi en nauðsynleg viðgerðarvinna fer fram á fagvinnustofum í nágrennalöndunum. Endurgerð með þeim hætti að flytja kvikmyndir af hvers kyns formi yfir á stafrænt snið fer yfirleitt fram á Íslandi.

⁶ <http://www.althingi.is/lagas/nuna/1999043.html>, á ensku: <http://eng.idnadarraduneyti.is/laws-and-regulations//nr/1162>

Þann 1. janúar 2003, tóku gildi ný lög um skylduskil til safna nr. 20/2002, en frá 1978 byggðist söfnun kvikmynda, sem hluta þjóðararfs, á valfrjálsri afhendingu. Lögin um skylduskil til safna kveða á um að innan tveggja ára skuli safninu afhent tvö eintök hverrar kvikmyndar sem gefin er út eða sýnd opinberlega, og frumeintak innan sjö ára. Efni sem framleitt er á myndbandi eða á öðru formi skal afhent innan árs frá frumsýningu eða útgáfu. Nær þetta yfir allt efni frá auglýsingaefni til leikinna kvikmynda, hvort sem það var fjármagnað af almannafé eða ekki. Lögin um skylduskil til safna krefjast þess að sem hluti þjóðararfs hljóð- og myndmiðlunar sé allt auka- og kynningarefni afhent með viðkomandi kvikmynd (eða sér) og að lýsigögn séu skráð út af fyrir sig í geymslum safnsins.

38. Til hvaða ráðstafana og/eða starfsemi hefur verið gripið til í því skyni að tryggja varðveislu afhentra kvikmyndaverka?

Safnið skráir efni sem því berst samkvæmt forskriftum eða skráningarreglum Alþjóðasamtaka kvikmyndasafna (FIAF). Safnið hefur notað franskt venslagagnasafn er nefnist 4D (Fjórða víddin, e. Fourth Dimension), og hefur þróað það til notkunar innan safnsins með góðum árangri. Öllum ráðstöfunum er beitt til að tryggja tæknileg gæði afhents efnis. Nýir kassar eða umbúðir eru lögð til; sá sem afhendir efnið er hvattur til að skila lista sem á eru upplýsingar um efnið, nýr safnkostur er skoðaður og skráður eins fljótt og unnt er og settur í viðeigandi geymslu með merkingu við hæfi. Safnið er til húsa í byggingu í eigu stjórnvalda. Húsið er 1800 fermetrar að flatarmáli, með 10.000 hillumetrum í tveim kæligeymslum við +5 C og rakastig 35 % og einni frystigeymslu við -5 C. Mikill hluti safnkostsins hefur verið skráður og er geymdur í vönduðum umbúðum og í góðu ástandi.

Safnið safnar á kerfisbundinn hátt og varðveitir, og gerir auk þess upp, búnað til sýningar kvikmyndaverka á upprunalegu sniði þeirra, og einnig til þess að geta flutt verk yfir á stafrænt snið.

39. Hvernig ýtt hefur verið undir verkefni til að gera upp kvikmyndaverk sem hafa mikið menningar- eða sögulegt gildi?

Ekki hafa verið neinar sérstakar ráðstafanir eða verkefni af hálfu hins opinbera til að ýta undir að gerð væru upp kvikmyndaverk sem hafa mikið menningar- eða sögulegt gildi. Hins vegar hefur hið opinbera keypt kvikmyndasöfn nokkurra kvikmyndagerðaraðila í því skyni að varðveita þau, gera upp eftir þörfum og gera þau aðgengileg almenningi. Nokkrir styrkir og sérstök úthlutun af fjárlögum hefur einnig verið veitt í þessu skyni.

Lögin um skylduskil til safna heimila afritun afhentra verka í skyni viðgerða og varðveislu. Safnið leyfir yfirleitt rétt höfum að njóta góðs af viðgerðum, einkum á samningsgrundvelli.

40. Vinsamlegast greinið ítarlega frá ráðstöfunum sem gripið hefur verið til (sáu þær einhverjar) til að gera kvikmyndaverk, sem afhent hafa verið, aðgengileg til notkunar í fræðslu-, menningar-, rannsóknarskyni og svipaðrar notkunar sem ekki er í viðskiptaskyni.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur keypt rétt að allmörgum íslenskum kvikmyndum til að geta dreift þeim í skólum. Safnið hefur einnig hlotið sérstaka fjárveitingu frá hinu opinbera og frá sjálfstæðum stofnunum, og auk þess hvatt framleiðendur til að annast sjálfir viðgerð verka sinna.

Kvikmyndasafn Íslands hefur hvatt rétthafa til að gera við sig samkomulag til þess að það geti veitt aðgang að efni sem afhent hefur verið. Rétthafar hafa hins vegar oft á tíðum hikað við að veita aðgang að verkum sínum. Sumir þeirra hafa undirritað samning við safnið í þessu skyni og hefur hið opinbera keypt nokkur verðmæt söfn til að geta veitt almenningi aðgang að þeim.

Safnið býr yfir nauðsynlegri tækniástöðu til að koma filmum á flestu sniði yfir á stafrænt snið og hefur það hafist handa við að koma gömlum safnkosti safnsins yfir á stafrænt snið til að greiða fyrir aðgangi.

Safnið sýnir afhent verk í kvikmyndahúsi sínu, en aðeins með leyfi rétthafa og/eða í samstarfi við þá. Lög heimila ekki aðgang almennings nema í húsakynnum safnsins. Safnið sýnir í húsakynnum sínum öll afhent verk fyrir almenning og fræðsluaðila, nema afhendingaraðili hafi sérstaklega sett skilyrði fyrir aðgangi.

C. Vernd barna og rétturinn til andsvara

41. Hafa netveitur á Íslandi samið sér siðareglur? Vinsamlegast leggið fram eintak ef hægt er, eða veffang þar sem hægt er að nálgast það.

Enn sem komið er hafa netveitur á Íslandi ekki samið sér siðareglur. Hins vegar hafa SAFT⁷, Póst- og fjarskiptastofnun⁸, ríkislögreglan⁹, Barnaheill¹⁰ og Lýðheilsustöð¹¹ unnið saman að viðmiðunarreglum: „leiðbeiningum um góða starfssiði“ eða „siðareglum“ fyrir netþjónustuaðila, þ.e.a.s. fyrirtæki sem veita net- og farþjónustu. Með því að gangast undir þær starfsvenjur, sem settar eru fram í viðmiðunarreglunum, geta fyrirtæki öðlast gæðastimpil sem „gott fyrirtæki“. Haustið 2009 mun SAFT koma viðmiðunarreglunum á framfæri og leggja í herferð um nýja ábendingarhappinn til að tilkynna um barnamisnotkun. SAFT mun vinna með fjölmiðlum að því að vekja almenning til vitundar um þessar siðareglur og ábendingarhappinn. SAFT hefur einnig starfað að því að koma á framfæri Prag-yfirlýsingu

⁷ SAFT, Samfélag, fjölskylda og tækni, sérstakt framtaksverkefni sem Heimili og skóli - landssamtök foreldra á Íslandi stofnaði, er hluti af „Safer Internet Action Plan“, aðgerðaáætlun ESB um öruggari netnotkun. Frekari upplýsingar um SAFT er að finna í svári við spurningu 10:44 og <http://saft.is/> (á ensku: <http://saft.is/english>).

⁸ <http://www.pta.is>

⁹ http://logregla.is/default.asp?cat_id=73, á ensku: http://logregla.is/default.asp?cat_id=214

¹⁰ <http://barnaheill.is/>

¹¹ <http://www.lydheilsustod.is>, á ensku: <http://www.lydheilsustod.is/english/>

framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins frá því í apríl 2009 og er að afla stuðnings við undirritun hennar samhliða herferðinni um siðareglurnar og ábendingarhnappinn¹².

Enn fremur hefur sérstök áhersla verið lögð á „fjölmiðlalæsi“, þ.e. að gera notendum grein fyrir hugsanlegum hættum er tengjast netnotkun. Á Íslandi heldur Póst- og fjarskiptastofnun úti sérstöku vefsetri¹³ sem hefur að markmiði að fræða notendur um öryggismál á netinu.

42. Gera landslög einhvers konar kröfur sem gilda sérstaklega um netveitur og hvernig þeim beri að taka á ólöglegu eða skaðlegu efni sem sótt er á Netið? Sé svo, hverjar eru þær?

Enn sem komið er hafa engar lagaskyldur verið lögleiddar er gilda sérstaklega um netveitur og hvernig þeim beri að taka á ólöglegu eða skaðlegu efni sem sótt er á Netið.

Hins vegar skylda lögin um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu nr. 30/2002,¹⁴ sem byggjast á tilskipun 2000/31/EB, netveitur til að fjarlægja ólöglegt eða skaðlegt efni sé krafa um það lögð fram í samræmi við tiltekin skilyrði.

43. Hefur verið reynt, annað hvort af hálfu innlendra rekstraraðila eða stjórnvalda, að þróa kerfi til að sía og flokka Netið? Ef svo er, hvernig hefur þá miðað áfram og við hvaða erfiðleika hefur verið að etja?

Eins og stendur er ekkert síukerfi fyrir Netið á Íslandi. Hins vegar bjóða flestar netveitur notendum einhvers konar valfrjálsar síur, t.d. síur gegn skaðlegu efni svo sem barnaklámi.

44. Hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar til að vekja vitund almennings um öruggari netnotkun? Hafa þær tilheyrt umfangsmeiri áformum um „fjölmiðlafræðslu“? Hafa þær hlotið fjárstuðning af almannafé eða frá einkaaðilum (þ.e. frá rekstraraðilum eða frjálsum samtökum) eða af með blandaðri almanna- og einkafjármögnun?

Í námsskrá skóla landsins á skyldunámsstigi eru ákvæði um fræðslu um upplýsinga- og fjarskiptatækni (ICT), þ.á.m. netnotkun.

Til að stuðla að vitundarvakningu um öruggari netnotkun hafa frjálsum félagasamtökin „Heimili og skóli“, landssamtök foreldra á Íslandi, verið innlendur samstarfsaðili evrópska samstarfsnetsins um netöryggi frá árinu 2004. Nafnið sem vakningarátaksverkefninu var valið er Samfélag, fjölskylda og tækni, með upphafsstafaheitinu SAFT. Verkefnið hefur að markmiði vitundarvakningu um örugga og jákvæða notkun Netsins og nýmiðla meðal barna,

¹² Nokkur dæmi um ábendingar til netþjónustuaðila um „góða starfssíði“: Gera notanda ljóst að hann ber ábyrgð á því sem hann halar upp; Benda notanda á að höfundarréttur kunnir að gilda um efni sem halað er niður eða upp; Benda notanda á þær hættur sem geta fylgt því að setja persónuupplýsingar á netið; Gera notanda kleift að nota gælunafn þar sem við á, og gera honum grein fyrir að IP-tala hans sé skráð; Gera notanda ljóst að sá sem hann á í samskiptum við á Netinu er ekki endilega sá sem hann segist vera, svo nokkur dæmi séu nefnd.

¹³ <http://www.netoryggi.is>.

¹⁴ <http://www.althingi.is/lagas/nuna/2002030.html>. Óopinbera þýðingu er að finna á: <http://eng.idnadarraduneyti.is/laws-and-regulations/nr/1270>.

foreldra, kennara, stefnumótandi aðila og rekstraraðila netveita á Íslandi, auk þess að berjast gegn ólöglegu efni og efni sem notandinn æskir ekki eftir, innan samhæfðs átaks rannsóknarmiðstöðva, stofnana innan fræðslukerfisins, forvarnarstofnana og -samtaka.

Verkefnið er styrkt að hluta til af ESB með blandaðri almanna- og einkafjármögnun. Verkefnið er hluti af Safer Internet plus Programme, sem tók við af Safer Internet Action Plan, aðgerðaáætlun ESB um öruggari netnotkun sem stóð yfir 1999-2004. SAFT hefur átt frumkvæði að og tekið þátt í fjölbreytilegum störfum og viðburðum þar sem áhersla hefur verið lögð á vitund um örugga notkun nets og nýmiðla. Þar á meðal er þátttaka í ráðstefnum og málþingum fyrir börn og foreldra sem haldnar voru um allt Ísland, þátttaka í stórrí tæknisýningu, málstofur með foreldrum, hringborðsumræður með hagsmunaaðilum, jafningjafræðslufundir kennara og minni kynningar til markhópa, t.d. á fundum foreldrafélaga í skólum. Að auki hefur mikið vitundarvakningar- og fræðsluefni frá SAFT verið sent öllum foreldrafélögum og skólum á Íslandi. Einnig var gengið fram í að kynna vefsetur SAFT sem uppsprettu árvekni, heilræða til notenda og fræðsluefnis. SAFT hefur einnig tekist að koma á samstarfi við alla helstu söluaðila fjölmiðla á Íslandi. Tóku þeir söluaðilar einnig virkan þátt í kynningu SAFT-verkefnisins og ýmissa málefna er varða öryggi barna við notkun nets og nýmiðla.

Í stjórn SAFT-verkefnisins eru fulltrúar frá mennta- og menningarmálaráðuneyti, Háskóla Íslands og félagi kennara um upplýsingatækni og menntun. Í stýrihópnum eru fulltrúar frá ýmsum hagsmunaaðilum, m.a. frá opinberum stofnunum, úr viðskiptalífínu, frá rannsóknarmiðstöðvum, ýmsum stofnunum og aðilum innan fræðslukerfisins, og forvarnarstofnunum og -félögum. Verkefnið er styrkt að hluta til af ESB með blandaðri almanna- og einkafjármögnun.

45. Er til staðar einhvers konar sértækt regluverk eða sjálfseftirlit um réttinn til andsvara að því er tekur til netmiðla?

Ekki er nein sérstök grein er tekur á réttinum til andsvara í netmiðlum í núgildandi lögum. Ekki er heldur neitt sjálfseftirlit eins og sakir standa. Í fjölmiðlafrumvarpinu sem lagt verður fyrir Alþingi haustið 2009 gildir rétturinn til andsvara um netmiðla þar sem ritstjórnarábyrgð er fyrir hendi. Greinin samræmist tilmælum Evrópuráðsins um málefnið.

46. Hafa innlendir útvarpsrekendur komið á fót sjálfseftirlitskerfi um vernd barna? Vinsamlegast greinið ítarlega frá því, einkum er varðar aðild. Felur það í sér siðareglur um vernd barna og skaðlegt efni?

Í 14. gr. útvarpslaganna nr. 53/2000 er mælt fyrir um að sjónvarpsstöðvum sé óheimilt að senda út dagskrárefni, þar á meðal auglýsingar, sem gæti haft alvarleg skaðvænleg áhrif á líkamlegan, andlegan eða siðferðilegan þroska barna, einkum og sér í lagi dagskrárefni sem felur í sér klám eða tilefnislaust ofbeldi, á þeim dagskrártíma sem hætta er á að börn sjái viðkomandi efni. Dagskrárefni, sem ekki er talið við hæfi barna skal samkvæmt ákvæðinu einungis sýnt á þann hátt að tryggt sé með tæknilegum ráðstöfunum að börn á því svæði er útsendingin nær til muni ekki að öðru jöfnu heyra eða sjá slíkar útsendingar.

Í 2. gr. laga um um eftirlit með aðgangi barna að kvikmyndum og tölvuleikjum nr. 62/2006¹⁵ er mælt fyrir um að meta skuli allar kvikmyndir og tölvuleiki sem ætlaðir eru til sýningar, sölu eða annarrar dreifingar hér á landi fyrir börn undir lögræðisaldri með tilliti til þess hvort leyfa beri eða takmarka sýningu, notkun eða afhendingu á slíku efni við tiltekið aldursskeið innan lögræðisaldurs. Sama gildir um ítarefni sem dreift er með kvikmyndum og tölvuleikjum og kynningarefni fyrir kvikmyndir og tölvuleiki.

Skylda þessi hvílir á þeim aðilum sem framleiða kvikmyndir eða tölvuleiki til sýningar eða sölu á Íslandi, eða hafa kvikmyndir eða tölvuleiki til sýningar, leigu, sölu eða annarrar dreifingar, í atvinnuskyni á Íslandi, þar á meðal sjónvarpsrekendum. Allir íslenskir sjónvarpsrekendur eru aðilar að SMÁÍŚ,¹⁶ Samtökum myndrétthafa á Íslandi. SMÁÍŚ hefur borið ábyrgð á að koma upp mats- og flokkunarkerfi fyrir sjónvarpsefni.

Í 3. gr. laga um um eftirlit með aðgangi barna að kvikmyndum og tölvuleikjum nr. 62/2006 er mælt fyrir um að ábyrgðaraðilar skuli setja sér verklagsreglur um framkvæmd mats og aldurstakmarkana sem styðjist við alþjóðlega viðurkennd skoðunarkerfi fyrir kvikmyndir og tölvuleiki. Í verklagsreglunum skal tekið mið af barnaverndarsjónarmiðum og einkum litið til eftirtalinna atriða og hvernig með þau er farið hverju sinni: söguefni, orðfæri, beiting ofbeldis, sýning nektar og kynlífs og neysla fíkniefna. Matið skal vera heildarmat á framangreindum atriðum og öðrum atriðum sem kunna að skipta máli. Ábyrgðaraðili skal birta verklagsreglurnar opinberlega, m.a. á vefsíðu sem almenningur hefur aðgang að og á sölustöðum kvikmynda og tölvuleikja. Þar skal og tilgreina nafn matsstjóra ábyrgðaraðila og veita almenningi leiðbeiningar um hvernig farið er að því að senda inn erindi sem lúta að framkvæmd reglnanna og afgreiðslu slíkra erinda. Ábyrgðaraðili skal færa niðurstöður um mat á sýningarhæfi kvikmynda og tölvuleikja í gagnagrunn sem almenningur hefur aðgang að.

Í 5. gr. laga um um eftirlit með aðgangi barna að kvikmyndum og tölvuleikjum nr. 62/2006 er mælt fyrir um að Barnaverndarstofa hafi eftirlit með því að ákvæðum laga þessara sé framfylgt.

47. Er viðvörðunarkerfi krafist, annað hvort að lögum eða með siðareglum, um sjónvarpsefni sem gæti verið skaðlegt? Eru þess krafist að hljóðmerki séu gefin á undan slíku dagskrárefni, annað hvort að lögum eða með siðareglum? Þar sem slíkar ráðstafanir eru í notkun, eru þær taldar skila árangri?

Í 14. gr. útvarpslaganna nr. 53/2000 er mælt fyrir um að á undan dagskrárefni, sem ekki teljist við hæfi almennra áhorfenda skuli fara munnleg viðvörðun eða það auðkennt með sjónrænu merki allan þann tíma sem útsendingin stendur yfir. Sjónvarpsrekendur sem senda út bannað efni og láta verða misbrest á varúðarráðstöfunum vegna velferðar barna eiga yfir höfði sér viðurlög sem nema fésekt er ákvörðuð verður fyrir dómi, sbr. d-lið 1. mgr. 28. gr. útvarpslaganna.

¹⁵ <http://www.althingi.is/lagas/nuna/2006062.html>, á ensku: <http://eng.menntamalaraduneyti.is/Acts//nr/4231>

¹⁶ www.smais.is

Í reynd hafa allir innlendir sjónvarpsrekendur tekið upp skjámerki sem gefur til kynna flokk fyrrnefnds efnis. Litað merki sjónvarpsrekandans birtist í efra horni útsendrar myndar hægra megin, og táknar gulur litur efni sem ekki er við hæfi barna yngri en 12 ára og rauður yngri en 16 ára. Hvítt eða gagnsætt kennimerki táknar að dagskrárefni sé talið við hæfi almennra áhorfenda. Hafa sjónvarpsrekendur haft þennan hátt á undanfarinn áratug og hefur hann reynst skila árangri, að teknu tilliti til annarra ráðstafana, svo sem þess að velja efni áhorfstíma við hæfi samkvæmt flokkun þess.

PEGI-aldursmerkingarkerfið (Pan-European Game Information) er notað til að tryggja að skemmtiefni, svo sem kvikmyndir, myndbönd, geisladiskar og tölvuleikir sé greinilega merkt þeim aldurshópi sem það hentar best. Aldursmerkingar leiðbeina notendum (einkum foreldrum) við að ákveða hvort kaupa skuli tiltekna vöru eða ekki.

VIÐAUKAR:

Viðauki 10:10

http://www.forsaetisraduneyti.is/media/frettamyndir/NETRIKID_ISLAND_stefnuskra.pdf

Viðauki 10:11

<http://www.althingi.is/lagas/nuna/2000053.html>

Viðauki 10:12

http://www.menntamalaraduneyti.is/media/MRN-pdf/Frumvarp_til_laga_um_fjolmidla_2009.pdf

Viðauki 10:13

<http://brunnur.stjr.is/mrn/logogregl.nsf/FF6C260B2319251D002567BA004D88CB/034288DD68D2E243002572A7004D5B91?OpenDocument>

Viðauki 10:14

<http://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?ID=a1d258c4-9e5c-46ac-9ac3-25cf9fde2715>

Viðauki 10:15

<http://www.althingi.is/lagas/nuna/2007006.html>

Viðauki 10:16

http://evropa.utanrikisraduneyti.is/media/esb_svor/10%20-%20Information%20Society%20&%20Media/Annex%2010-13%20Market%20analysis%20market%2018.pdf